

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 255/2010

2012/EES/12/52

frá 25. mars 2010

um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.
551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis
í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) ⁽¹⁾, einkum
7. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber að mæla fyrir um ráðstafanir
vegna flæðisstjórnunar flugumferðar (ATFM) í því skyni
að hámarka tiltæka getu til nýtingar loftrýmis og efla
flæðisstjórnunarferli flugumferðar.
- 2) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol)
hefur fengið umboð, í samræmi við 1. mgr. 8. gr.
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004
frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að
koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ⁽²⁾,
til að semja framkvæmdareglur um flæðisstjórnun flug-
umferðar. Reglugerð þessi er byggð á skýrslunni frá
7. desember 2007 sem var tekin saman innan ramma
umboðsins.
- 3) Mikilvægt er að samræma beitingu sértækra reglna og
aðferða innan loftrýmis í samevrópska loftrýminu til að
hámarka getu til nýtingar á tiltækri flugumferðarstjórn
fyrir tilstuðlan skilvirkrar stjórnunar og aðgerða á sviði
flæðisstjórnunar flugumferðar.
- 4) Þessi reglugerð skal ekki taka til hernaðaraðgerða og
herþjálfunarflugs, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr.
reglugerðar (EB) nr. 549/2004. Herloftför, sem starfrækt
eru í tengslum við almenna flugumferð, skulu þó falla
undir ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar
þegar þau eru starfrækt eða fyrirhugað er að starfrækja
þau innan loftrýmis eða flugvalla þar sem ráðstafanir
vegna flæðisstjórnunar flugumferðarar gilda.
- 5) Í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 skal
standa vörð um grundvallarhagsmuni aðildarríkjanna
í öryggis- og varnarmálum eða stefnuhagsmuni í
varnarmálum við skilgreiningu og framkvæmd ráðstafana
vegna flæðisstjórnunar flugumferðar.
- 6) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur komið á fót
einni yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar sem
ber ábyrgð á skipulagningu, samræmingu og framkvæmd

ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, að
teknu tilliti til tilmæla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar
(ICAO). Þess skal krafist að aðildarríkin geri
nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að yfirstjórn
flæðisstjórnunardeildar flugumferðar nýti heildaráhrif
ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar sem best
að því er varðar evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun
flugumferðar (EATMN).

- 7) Ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar skulu
grundvallast á meginreglum sem Alþjóðaflugmála-
stofnunin mælir fyrir um og allir aðilar sem hlut eiga að
kerfinu fyrir flæðisstjórnun flugumferðar skulu fara að
reglum sem tryggja að geta flugumferðarstjórnar sé nýtt
með öruggum hætti og til hins ítrasta.
- 8) Ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar skulu
taka mið af tiltækum flugleiðum og tiltæku loftrými,
einkum með því að allir viðkomandi aðilar, þ.m.t.
vinnuhópurinn um stjórnun loftrýmis, beiti hugmyndinni
um sveigjanlega notkun loftrýmis eins og mælt er
fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)
nr. 2150/2005 frá 23. desember 2005 um sameiginlegar
reglur um sveigjanlega notkun loftrýmis ⁽³⁾.
- 9) Til þess að hámarka tiltæka getu evrópska netsins fyrir
rekstrarstjórnun flugumferðar, þ.m.t. flugvellir, skal setja
verklagsreglur sem miða að því að auka samræmi milli
afgreiðslutíma flugvalla og flugáætlanana.
- 10) Rétt þykir að veita aðildarríkjum og aðilum, sem taka þátt
í flæðisstjórnunarferlum flugumferðar, nægan tíma til að
uppfylla kröfur um flæðisstjórnun flugumferðar.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt
loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur um
flæðisstjórnun flugumferðar í því skyni að hámarka tiltæka
getu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og
efla flæðisstjórnunarferli flugumferðar.

2. Þessi reglugerð gildir innan loftrýmisins sem um getur í
3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 10. Hennar var getið
í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 27/2012 frá 10. febrúar 2012
um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn,
(bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 342, 24.12.2005, bls. 20.

- a) um öll flug sem fyrirhugað er að starfrækja eða eru starfrækt í tengslum við almenna flugumferð og í samræmi við blindflugsreglur, að öllu leyti eða að hluta til,
- b) um öll stig flugs, sem um getur í a-lið, og rekstrarstjórnun flugumferðar.
3. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi aðila eða fulltrúa sem starfa fyrir þeirra hönd að flæðisstjórnunarferlum flugumferðar:
- a) umráðendur loftfara,
- b) flugumferðarþjónustudeildir, þ.m.t. tilkynningarstöðvar flugumferðarþjónustu (e. ATS-reporting offices) og flugturnsþjónusta,
- c) upplýsingaþjónusta flugmála,
- d) einingar sem taka þátt í stjórnun loftrýma,
- e) framkvæmdastjórnir flugvalla,
- f) yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar,
- g) staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar,
- h) samræmingarstjóra afgreiðslutíma á flugvöllum með skammtaðan afgreiðslutíma.
6. „hættulegur atburður“: óvenjulegar aðstæður eða hættuástand sem felur í sér verulega minnkun á afkastagetu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, verulegt ójafnvægi á milli afkastagetu þess og eftirspurnar eða verulegan skort á upplýsingaflæði í einum eða fleiri hlutum þess,
7. „afgreiðslutími brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar“: reiknaður flugtakstími sem yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar úthlutar þar sem staðbundin flugumferðarþjónustudeild stýrir vikmörkum fyrir tíma,
8. „stefnumið fyrir flugleiðir og flugumferð“: stefnumörkun og verklagsreglur um notkun loftfara á flugleiðum,
9. „margföld flugáætlun“: fleiri en ein flugáætlun fyrir sama fyrirhugaða flugið á milli tveggja flugvalla,
10. „tilhögun undirsvæða flugumferðarþjónustudeildar“: fjórviddarlýsing á undirsvæði loftrýmis flugumferðarþjónustudeildar eða hópi undirsvæða sem heimilt er að starfrækja að staðaldri eða tímabundið,
11. „aksturstími á flugvelli“: fyrirfram ákvarðað tímagildi, frá hlaðfarartíma loftfars fram að flugtaki, sem gefið er upp í mínútum og gildir við eðlilegar flugvallaraðstæður,
12. „uppfærð staðsetning flugs“: staðsetning loftfars, uppfærð miðað við kögunargögn, flugáætlunargögn eða tilkynningar um staðsetningu,
13. „flugheimild flugumferðarstjórnar“: heimild veitt loftfari til að halda áfram samkvæmt skilyrðum sem flugstjórnardeild tilgreinir,
14. „frestun á flugáætlun“: ferli sem sú eining sem annast flæðisstjórnun flugumferðar setur af stað til að tryggja að umráðandi breyti flugáætluninni áður en flug hefst,
15. „flugþjónusta“ : flug eða röð fluga með farþega, farm eða póst gegn greiðslu eða leigugjaldi,
16. „aðgerðaskrá“: skrá um flæðisstjórnunarkerfi flugumferðar sem er umbreytt í gagnagrunn til að gera kleift að leita með skjótum hætti í gögnum um flæðisstjórnun flugumferðar.

3. gr.

Rammi um flæðisstjórnun flugumferðar

1. „ráðstöfun vegna flæðisstjórnunar flugumferðar“: aðgerðir sem gripið er til í því skyni að stjórna flæði flugumferðar og afkastagetu,
2. „umráðandi“: einstaklingur, stofnun eða fyrirtæki sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfars,
3. „blindflugsreglur (IFR)“: blindflugsreglur eins og þær eru skilgreindar í 2. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug frá 1944 (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn),
4. „tilkynningarstöð flugumferðarþjónustu“: flugumferðarþjónustudeild, stofnuð í þeim tilgangi að taka á móti tilkynningum um flugumferðarþjónustu og flugáætlanir sem lagðar eru fram áður en fyrsta flugheimild flugumferðarstjórnar er veitt,
5. „staðbundin flæðisstjórnunardeild flugumferðar“: flæðisstjórnunareining sem starfar fyrir hönd einnar eða fleiri annarra flæðisstjórnunareininga sem skilflötur á milli yfirstjórnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar og flugumferðarþjónustudeildar eða hóps slíkra deilda,
1. Skipulagning, samræming og framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar af hálfu aðilanna, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., skal samrýmast ákvæðum Alþjóðflugmálastofnunarinnar sem tilgreind eru í viðaukanum.
2. Flæðisstjórnun flugumferðar skal byggjast á eftirfarandi meginreglum:

(⁴) Stjtið. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1.

- a) ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar:
- i. skulu koma í veg fyrir óhóflegan umferðarþunga samanborið við uppgefna afkastagetu undirsvæða flugumferðarstjórnar og flugvalla,
 - ii. skulu nýta afkastagetu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar til hins ýtrasta til þess að hámarka skilvirkni evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og lágmarka neikvæð áhrif á umráðendur,
 - iii. skulu hámarka afkastagetu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar með því að flugumferðarþjónustudeildir þrói og beiti ráðstöfunum sem auka afköst,
 - iv. skulu styðja meðhöndlun hættulegra atburða,
- b) staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar og yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar teljast vera hluti af starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar.

3. Við úthlutun afgreiðslutíma brottflugs af hálfu flæðisstjórnunar flugumferðar skal flugum forgangsraðað samkvæmt áætlaðri komu þeirra á þann stað sem ráðstöfun vegna flæðisstjórnunar flugumferðar mun gilda nema sérstakar aðstæður krefjist beitingar annarrar forgangsreglu sem er formlega samþykkt, og gagnast evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

Fyrsta undirgrein getur átt við um flug sem geta ekki nýtt sér valkostinn um að breyta flugleið til að forðast svæði þar sem flugumferð er mikil eða til að létta á þeim, að teknu tilliti til staðsetningar svæðisins og umfangs flugumferðarinnar.

4. gr.

Almennar skyldur aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðgerðir flæðisstjórnunar flugumferðar séu aðgengilegar þeim aðilum sem um getur í 3. mgr. 1. gr. allan sólarhringinn.
2. Skilgreining og framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar skulu samrýmast öryggis- og varnarkröfum aðildarríkjanna til að tryggja, í þágu aðilanna sem um getur í 3. mgr. 1. gr., skilvirkni í skipulagningu, úthlutun og notkun loftrýma.
3. Setja skal samræmdar verklagsreglur um samstarf milli aðila, sem taka þátt í aðgerðum flæðisstjórnunar flugumferðar, flugumferðarþjónustudeilda og -eininga sem taka þátt í stjórnun loftrýmis í því skyni að hámarka nýtingu loftrýmisins.
4. Búa skal til sameiginlegt tilvísunarskjal sem inniheldur stefnumörkun, verklagsreglur og lýsingu á stefnumiðum

fyrir flugleiðir og flugumferð. Birting tiltækileika flugleiða í flugupplýsingahandbókum í hverju ríki fyrir sig skal, eftir atvikum, samrýmast að öllu leyti þessu sameiginlega tilvísunarskjali.

5. Sameiginlegar verklagsreglur um beiðnir um undanþágu frá afgreiðslutíma brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar, skulu samdar í samræmi við ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tilgreind eru í viðaukanum. Þessar verklagsreglur skulu unnar í samráði við yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar og birtar í flugupplýsingahandbókum í hverju ríki fyrir sig.

5. gr.

Skyldur aðildarríkja varðandi yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar

Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar:

- a) nýti sem best heildaráhrifin að því er varðar frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar í tengslum við áætlanagerð, samræmingu og framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,
- b) hafi samráð við umráðendur um skilgreiningu á ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,
- c) tryggi skilvirka framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar í samvinnu við staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar,
- d) auðkenni varaflugleiðir í samræmi við staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar til að forðast svæði þar sem flugumferð er mikil eða til að létta á þeim, að teknu tilliti til heildaráhrifa að því er varðar frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar,
- e) bjóðist til að breyta flugleið þeirra fluga sem hefðu í för með sér að áhrifin, sem um getur í d-lið, nýttust sem best,
- f) veiti umráðendum og flugumferðarþjónustudeildum upplýsingar um flæðisstjórnun flugumferðar með góðum fyrirvara, þ.m.t.:
 - i. um áætlaðar ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,
 - ii. um áhrif af ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar á flugtakstíma og flugsnið einstakra fluga,
- g) fylgist með hve oft flugáætlanir vantar og hve oft margfaldar flugáætlanir eru skráðar,
- h) fresti flugáætlun þegar ekki er hægt að nýta afgreiðslutíma brottflugs, að teknu tilliti til vikmarka fyrir tíma, sem flæðisstjórnun flugumferðar hefur úthlutað og nýr áætlaður hlaðfarartími er ekki þekktur,
- i) fylgist með fjölda undanþága sem eru veittar í samræmi við 5. mgr. 4. gr.

6. gr.

Almennar skyldur flugumferðarþjónustudeilda

1. Þegar beita þarf ráðstöfun vegna flæðisstjórnunar flugumferðar skulu flugumferðarþjónustudeildir hafa samráð við yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar fyrir milligöngu staðbundinna flæðisstjórnunardeilda flugumferðar í því skyni að tryggja að ráðstöfun verði valin með tilliti til þess að nýta heildaráhrif frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem best.

2. Ef þörf krefur skulu tilkynningastöðvar flugumferðarþjónustu auðvelda upplýsingaskipti milli flugmanna eða umráðenda og staðbundinnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar eða yfirstjórnar hennar.

3. Flugumferðarþjónustudeildir skulu tryggja að ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, sem gerðar eru á flugvelli, séu í samráði við viðkomandi framkvæmdastjórn flugvallar til þess að tryggja skilvirgni í skipulagningu og notkun flugvallar á þágu aðilanna sem um getur í 3. mgr. 1. gr.

4. Flugumferðarþjónustudeildir skulu tilkynna yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar, fyrir milligöngu staðbundinnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar, um alla atburði sem gætu haft áhrif á afkastagetu flugumferðarstjórnar eða umferðarþunga.

5. Flugumferðarþjónustudeildir skulu láta yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar í té eftirfarandi gögn og síðari uppfærslur þeirra með góðum fyrirvara og tryggja gæði þeirra:

- a) um tiltækileika loftrýmis og skipulag flugleiða,
- b) um tilhögun undirsvæða flugumferðarþjónustudeildar og virkjun þeirra,
- c) um akstur tíma á flugvöllum,
- d) um afkastagetu undirsvæða flugumferðarstjórnar og flugvallar,
- e) um tiltækileika flugleiða, þ.m.t. tiltækileiki með því að beita hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2150/2005,
- f) um uppfærslu á staðsetningu flugs,
- g) um frávik frá flugáætlunum,
- h) um tiltækileika loftrýmis, þ.m.t. tiltækileiki með því að beita hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2150/2005,
- i) um raunverulegan flugtakstíma.

Gögnin skulu gerð aðgengileg þeim aðilum sem um getur í 3. mgr. 1. gr. og skal yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar fá gögnin í hendur og láta þau öðrum í té, án endurgjalds.

6. Flugumferðarþjónustudeildin á brottfararflugvöllum skal tryggja:

- a) að þegar flug fellur undir afgreiðslutíma brottflugs, sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar, teljist sá afgreiðslutími hluti af flugheimild flugumferðarstjórnar,

b) að flug fylgi afgreiðslutíma brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar,

c) að flug fái ekki heimild til flugtaks ef þau fylgja ekki áætluðum hlaðfarartíma, að teknu tillit til fastsettra vikmarka fyrir tíma,

d) að flug fái ekki heimild til flugtaks ef flugáætlun þeirra hefur verið synjað eða henni frestað.

7. gr.

Almennar skyldur flugrekenda

1. Hvert fyrirhugað flug skal taka til einnar flugáætlunar. Skráð flugáætlun skal endurspegla með réttum hætti fyrirhugað flugsnið.

2. Allar viðeigandi ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar og breytingar þar að lútandi skulu felldar inn í fyrirhugaða flugaðgerð og tilkynntar flugmanninum.

3. Við brottför flugs frá flugvelli, sem fellur ekki undir afgreiðslutíma brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar, bera umráðendur ábyrgð á að áætluðum hlaðfarartíma þeirrasé fylgt, að teknu tilliti til vikmarka fyrir tíma eins og mælt er fyrir um í viðeigandi ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tilgreind eru í viðaukanum.

4. Hafri flugáætlun verið frestað, í samræmi við h-lið 5. gr., skal hlutaðeigandi umráðandi gera ráðstafanir til að uppfæra flugáætlunina eða afturkalla hana.

8. gr.

Almennar skyldur framkvæmdastjórna flugvallar

Framkvæmdastjórnir flugvallar skulu tilkynna yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar, beint eða fyrir milligöngu staðbundinnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar eða flugumferðarþjónustudeilda eða fyrir milligöngu þeirra beggja, um alla atburði sem geta haft áhrif á afkastagetu flugumferðarstjórnar eða umferðarþunga. Ef tilkynningin er gerð beint skulu þær greina staðbundinni flæðisstjórnunardeild flugumferðar og flugumferðarþjónustudeildum frá því.

9. gr.

Samræmi á milli flugáætlana og afgreiðslutíma á flugvöllum

1. Aðildarríki skulu tryggja að ef samræmingarstjóri afgreiðslutíma á flugvöllum eða framkvæmdastjórn flugvallar með skammtaðan afgreiðslutíma óskar eftir því skuli yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar eða staðbundin flæðisstjórnunardeild flugumferðar láta þeim í té samþykktu flugáætlunina fyrir flug sem er starfrækt á þessum flugvelli áður en flugið hefst. Samræmingarstjórnir afgreiðslutíma á flugvöllum eða framkvæmdastjórnir flugvallar með skammtaðan afgreiðslutíma skulu sjá til þess að samþykktu flugáætlunir, sem yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar eða staðbundin flæðisstjórnunardeild flugumferðar lætur í té, séu aðgengilegar.

2. Fyrir brottför flugs skulu umráðendur veita brottfarar- og komuflugvöllum nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að bera saman flugnúmerið sem kemur fram í flugáætluninni og flugnúmerið sem tilkynnt hefur verið fyrir samsvarandi afgreiðslutíma á flugvelli.

3. Allir umráðendur, framkvæmdastjórnir flugvalla og flugumferðarþjónustudeildir skulu eiga rétt á að tilkynna samræmingarstjóra afgreiðslutíma á flugvöllum um það þegar flugþjónusta er ítrekað innt af hendi á tímum sem eru verulega frábrugðnir úthlutuðum afgreiðslutímum á flugvelli eða þegar veruleg frávik verða á afgreiðslutímum frá því sem tilgreint var við úthlutun ef það hefur áhrif á rekstur flugvallar eða aðgerðir flugumferðar.

4. Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunar flugumferðar tilkynni samræmingarstjóra afgreiðslutíma á flugvelli ef ítrekuð frávik verða á veitingu flugþjónustu frá úthlutuðum afgreiðslutímum á flugvelli eða ef veruleg frávik verða á afgreiðslutímum frá því sem tilgreint var við úthlutun ef það hefur áhrif á flæðisstjórnun flugumferðar.

10. gr.

Skyldur varðandi hættulega atburði

1. Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunar- deildar flugumferðar setji verklagsreglur um flæðisstjórnun flugumferðar varðandi það hvernig meðhöndla skuli hættulega atburði og birti þær í því skyni að draga, eins og framast er kostur, úr röskun á evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

2. Við undirbúning fyrir hættulega atburði skulu flugumferðarþjónustudeildir og framkvæmdastjórnir flugvalla samræma mikilvægi og innihald viðlagaverklagsreglna með umráðendum sem verða fyrir áhrifum af völdum hættulegra atburða, þ.m.t. hvers konar breytingar á forgangsreglum.

Viðlagaverklagsreglurnar skulu innihalda:

- a) skipulags- og samræmingarráðstafanir,
- b) ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar til þess að stýra aðgangi að þeim svæðum sem urðu fyrir áhrifum í því skyni að hindra óhóflegan umferðarþunga flugumferðar samanborið við afkastagetu sem gefin var upp fyrir allt loftrýmið, eða hluta þess, eða viðkomandi flugvelli, skyni að
- c) aðstæður, skilyrði og verklagsreglur við beitingu forgangsreglna fyrir flug þar sem tekið er tillit til grundvallarhagsmuna aðildarríkjanna í öryggis- eða varnarmálum,
- d) ráðstafanir til að endurheimta eðlilegt ástand.

11. gr.

Eftirlit með því að farið sé að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að þar sem nýting afgreiðslutíma brottflugs, sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar á brottfararflugvelli, er 80% eða minni á ári, skal flugumferðarþjónustudeild á þeim flugvelli veita viðeigandi upplýsingar um frávik frá afgreiðslutímum og um aðgerðir sem gripið er til

í því skyni að tryggja að afgreiðslutímum brottflugs sé fylgt. Tilgreina skal slíkar aðgerðir í skýrslu sem hlutaðeigandi aðildarríki leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

2. Flugumferðarþjónustudeild á viðkomandi flugvelli skal veita viðeigandi upplýsingar um öll tilvik þar sem synjun eða frestun flugáætlunar hefur ekki verið hlýtt á þeim flugvelli og um aðgerðir sem gripið er til í því skyni að tryggja að þeim verði hlýtt. Tilgreina skal slíkar aðgerðir í skýrslu sem hlutaðeigandi aðildarríki leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

3. Aðildarríkin skulu tryggja:

- a) að yfirstjórn flæðisstjórnunar- deildar flugumferðar sendi tilkynningu til aðildarríkis, sem veitir undanþágur, sem nema meira en 0,6% af árlegum brottförum viðkomandi aðildarríkis,
- b) að aðildarríki, sem hefur fengið senda tilkynningu samkvæmt a-lið, leggi skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina með upplýsingum um veittar undanþágur.

4. Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunar- deildar flugumferðar tilkynni umráðendum um það þegar staðfest hefur verið að beiting g-liðar 5. gr. sé ástæðan fyrir því að ekki sé farið að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar.

5. Umráðendur skulu leggja skýrslu fyrir yfirstjórn flæðisstjórnunar- deildar flugumferðar um hvert tilvik þegar ekki er farið að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar þar sem veittar eru upplýsingar um aðstæður sem leiddu til þess að flugáætlun vantaði eða hún margfaldaðist ásamt aðgerðum sem gripið er til í því skyni að farið sé að ráðstöfunum.

6. Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunar- deildar flugumferðar taki saman ársskýrslu þar sem er að finna upplýsingar um það þegar flugáætlanir vantar eða þegar skráðar eru margfaldar flugáætlanir ásamt því að skýrslan sé lögð fyrir framkvæmdastjórnina.

7. Aðildarríki skulu árlega meta að hve miklu leyti farið er að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar til að tryggja að aðilar, sem um getur í 3. mgr 1. gr., taki sig á við að fara að þessum ráðstöfunum.

12. gr.

Frammistöðumat

1. Við framkvæmd 11. gr. skulu aðildarríki tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunar- deildar flugumferðar leggi fram ársskýrslur um gæði flæðisstjórnunar flugumferðar sem skulu innihalda upplýsingar:

- a) um ástæður fyrir ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,
- b) um áhrif af völdum ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,
- c) um að farið sé að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,
- d) um framlag aðila, sem um getur í 3. mgr 1. gr., til nýta heildaráhrif netsins sem best.

2. Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar komi sér upp og viðhaldi skjalasafni sem inniheldur flæðisstjórnargögn flugumferðar, sem tilgreind eru í 5. mgr. 6. gr., flugáætlanir, aðgerðarskrár og viðeigandi gögn sem varða þetta samhengi.

Gögnin, sem um getur í fyrstu undirgrein skulu geymd í tvö ár eftir að þau voru lögð fram og gerð aðgengileg framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum, flugumferðarþjónustudeildunum og umráðendum.

Þessi gögn skulu gerð aðgengileg samræmingarstjórum og rekstraráðilum flugvalla til að styðja við reglubundið mat þeirra á uppgefinni afkastagetu.

13. gr.

Öryggiskröfur

Aðildarríki skulu tryggja að öryggismat, þ.m.t. hættugreining, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu, fari fram áður en umtalsverðar breytingar verði gerðar á kerfum og verklagsreglum á sviði flæðisstjórnunar flugumferðar, þ.m.t. mat á öryggisstjórnunarferli sem varðar vistferil kerfisins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

14. gr.

Viðbótarkröfur

1. Aðildarríki skulu tryggja að starfsfólk þeirra aðila sem um getur í 3. mgr. 1. gr. og tekur þátt í aðgerðum á vegum flæðisstjórnunar flugumferðar:

- a) fái viðeigandi kynningu á ákvæðum þessarar reglugerðar,
- b) fái fullnægjandi þjálfun og hæfni til að gegna starfi sínu.

2. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðilarnir, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., sem bera ábyrgð á aðgerðum á sviði flæðisstjórnunar flugumferðar:

- a) þrói og viðhaldi flugrekstrarhandbókum, sem innihalda nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar til að gera starfsfólki á sviði flæðisstjórnunar flugumferðar kleift að beita ákvæðum þessarar reglugerðar,
- b) tryggi að þessar handbækur séu samræmdar, aðgengilegar og uppfærðar og að uppfærslu og dreifingu þeirra sé stýrt á viðeigandi hátt að því er varðar gæði og gagnaútfærslu,
- c) tryggi að vinnuaðferðirnar og verklagsreglurnar samrýmist þessari reglugerð.

15. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 26. september 2011, og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

16. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. september 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

José Manuel BARROSO

forseti

*VIÐAUKI***Skrá yfir ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flæðisstjórnun flugumferðar**

1. Liður 3.7.5 í 3. kafla (Flæðisstjórnun flugumferðar) í 11. viðauka við Chicago-samninginn — Flugumferðarþjónusta (13. útgáfa, júlí 2001 með breytingu nr. 47).
 2. Ákvæði 3. kafla (Afkastageta flugumferðarþjónustu og flæðisstjórnun flugumferðar) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444, Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Rekstrarstjórnun flugumferðar (PANS-ATM) (15. útgáfa, 2007).
 3. Kafli 8.3 (undanþágur frá afgreiðslutíma sem flæðisstjórnun flugumferðar hefur úthlutað) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7030, svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur fyrir Evrópu (5. útgáfa, 2007).
 4. Ákvæði c-liðar í kafla 8.4.1. (Umráðandi loftfars og hvernig hann fer að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7030, svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur fyrir Evrópu (5. útgáfa, 2007).
 5. Liður 2.3.2 í 2. kafla (Breytingar á áætluðum hlaðfarartíma (EOBT)) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7030, svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur fyrir Evrópu (5. útgáfa 2007).
-